

Tillögur stjórnvalda vegna erfiðleika í sauðfjárrækt

Aðgerðir til að draga úr framleiðslu kindakjöts

Markmiðið með þessum aðgerðum er að fé verði fækkað um 20% með því að gefa bændum kost á því að hætta sauðfjárframleiðslu en halda 90% greiðslum samkvæmt sauðfjársamningi í fimm ár, 2018-2022, þ.e. greiðslum samkvæmt 3.-8. grein samningsins, sbr. viðaukatöflu 1. með samningnum. Greiðslur til hvers bónda miðist við greiðslumark, innlegg, fjárfjölda og aðrar forsendur fyrir greiðslum, eins og þær voru á viðkomandi búi að meðaltali árin 2016 og 2017. Val verði um það hvort framleiðandi fái greiðsluna greidda í eingreiðslu (núvirt) eða með jöfnun greiðslum á 5 ára tímabili. Þá eiga þeir kost á greiðslu sláturálags sem taka ákvörðun um fækkun að lágmarki um 50 kindur haustið 2017. Þeir sem ákveða að nýta sér þessi úrræði geri um það samninga. Matvælastofnun verði falið að annast gerð þeirra. Þeir sem kjósa að hætta á árinu 2018 geta gert samskonar samninga en eiga þá kost á 70% greiðslum skv. framangreindu í þrjú ár, 2019-2021. Skal sú ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2018.

Greitt verði 4.000 kr. sláturálag á ær sem koma til slátrunar haustið 2017 á grundvelli ofangreindra samninga, sem yrði fjármagnað með framlagi ríkisins á fjáráukalögum 2017. Gert er ráð fyrir að verja 250 m.kr. til þessa verkefnis. Ekki verður greitt sláturálag eftir sláturtíð 2017. Styrkur verði greiddur að hámarki fyrir 62.500 ær. Verði óskað eftir sláturálagi á fleiri ær gildi reglan fyrstur kemur fyrstur fær. Þó skuli þeir njóta forgangs sem taka ákvörðun um að hætta sauðfjárbúskap alfarið.

Jafnframt verði ásetningshlutfall lækkað í 0,6.

Þeir framleiðendur sem gera samninga um að hætta á grundvelli ofangreinds skuldbinda sig til að taka ekki upp sauðfjárframleiðslu að nýju á gildistíma núverandi sauðfjársamnings. Þeir sem gera samninga um fækkun skuldbinda sig til að auka ekki framleiðslu sína á gildistíma núverandi sauðfjársamnings. Kvöðin verði bundin við framleiðanda og tengda aðila.

Aðgerðir til að draga úr kjaraskerðingu

Greiðslur vegna kjaraskerðingar. Bændur eigi kost á greiðslum sem miðist við fjölda kinda á vetrarfóðrum samkvæmt skráningu Matvælastofnunar haustið 2016. Skilyrði fyrir þessum greiðslum verði m.a. að viðkomandi bóndi búi á lögbýli og hafi fleiri en 150 vetrarfóðraðar kindur. Þetta yrði einskiptisaðgerð og hugsuð til að bæta að hluta kjaraskerðingu þeirra sem halda áfram sauðfjárframleiðslu. Til þessa verkefnis verði varið 250 m.kr. með sérstöku framlagi ríkisins. *Svæðisbundinn stuðningur.* Samkvæmt gildandi samningi er 99 m.kr. varið í svæðisbundinn stuðning á árinu 2017 en sú fjárhæð hækkar í 145 m.kr. á næsta ári. Þessar greiðslur koma fyrst og fremst þeim bændum til góða sem eiga erfitt með að sækja atvinnu utan búsin vegna fjarlægðar frá þéttbýli. Til þessa verkefnis verði varið 150 m.kr. kr. til viðbótar því fé sem áskilið er í samningnum.

Aðrar aðgerðir

Aftenging framleiðsluhvata. Miðað við núverandi ástand verða gæðastýringagreiðslur frystar árið 2018 til tveggja ára, sbr. þó tilmæli til endurskoðunarnefndar.

Aðgerðir vegna skuldamála. Byggðastofnun kanni þörf á endurfjármögnun eða lengingu lána, sérstaklega hjá ungum skuldsettum sauðfjárbændum. Stofnuninni verði falið að meta stöðuna, gera tillögur að aðgerðum og kostnaðarmeta þær.

Hagræðing í sauðfjárslátrun. Ráðist verði í úttekt á afurðastöðvakerfinu sem verði grundvöllur viðræðna stjórnvalda, sláturleyfishafa og bænda um breytingar til hagsbóta fyrir neytendur og bændur. Markmið þessarar vinnu er að leita leiða til að lækka sláturkostnað, auka hagræðingu í greininni og skoða hvernig hægt er að koma á beinna sambandi milli bænda og neytenda. Nánari skilgreining og útfærsla á verkefninu verði unnin í samvinnu viðkomandi aðila. Niðurstöður framangreindra athugana verði m.a. nýttar við endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem nú er hafin.

Birgðir. Stjórnvöld beita sér fyrir að fram fari úttekt á birgðum sauðfjárafurða svo sem um samsetningu þeirra, líklegt verðmæti og eignarhald. Slík úttekt er gerð í því skyni að fá fyllri upplýsingar um stöðuna á kjötmarkaði og meta líklegan árangur af þeim aðgerðum sem ríkið og sauðfjárþændur hafa og munu sammælast um. Niðurstaða slíkrar athugunar leiðir ekki sjálfkrafa til inngripa á markaðinn. Það er sameiginlegur skilningur að æskilegt sé að ná jafnvægi á markaði til langs tíma.

Áherslur til frekari útfærslu

Aðstoð við bændur er hætta búskap: Þeim tilmælum verði beint til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að útfæra sérstaka markáætlun til að aðstoða þá bændur sem hætta sauðfjárþúskap til að takast á við ný verkefni á búum sínum, svo sem umhverfisverkefni.

Kolefnisjöfnun og önnur umhverfisverkefni: Bændur sem og stjórnvöld hafa lýst áhuga sínum á verkefnum á sviði kolefnisjöfnunar. Markmiðið er að nýta krafta og þekkingu bænda til að vinna að markmiðum Íslands í loftslagsmálum og kolefnisjafna íslenska sauðfjárrækt með samdrætti í losun og aukinni bindingu með uppgræðslu, skógrækt, endurheimt votlendis og öðrum aðgerðum. Haft verði samráð við stofnanir ríkisins á þessu sviði, líkt og Landgræðslu ríkisins og Skógræktina.

Sameining nýsköpunarsjóða: Hafinn verði undirbúningur að endurskipulagningu og eflingu nýsköpunarumhverfis sjávarútvegs- og landbúnaðar. Þetta verði gert með því að skoða fýsileika þess að sameina Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS (rannsóknasjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs) í öflugan matvælaþróunarsjóð. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun skipa nefnd, m.a. með fulltrúum BÍ og SFS sem skila tillögum um málið.

Útflutningur: Stjórnvöld munu áfram beita sér fyrir aðgerðum sem miða að því að styðja við útflutning landbúnaðarafurða. Áhersla verður lögð á að efla nýsköpun og vöruþróun til að mæta kröfum ólíkra markaða á alþjóðavísu og nýta betur þá viðskiptasamninga sem gerðir hafa verið.

Tilmæli til nefndar um endurskoðun búvörusamninga: Vegna aðgerða ríkisins til að mæta vanda sauðfjárþænda eru stjórnvöld og bændur sammála um að beita sér fyrir endurskoðun sauðfjάρhluta búvörusamninga fyrir 1. apríl 2018. Jafnframt verði því beint til nefndarinnar að hún taki mið af þeim aðgerðum og áherslum sem lýst er hér að framan og kanni sérstaklega fýsileika þess að aftengja framleiðsluhvata eins og gæðastýringargreiðslur.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra